# FUNDARGERÐ

**25. fundur Odda bs**
**haldinn Suðurlandsvegi 1-3 , mánudaginn 27. maí 2024**
**og hófst hann kl. 16:00.**

**Fundinn sátu:**
Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Eggert Valur Guðmundsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Eydís Þ. Indriðadóttir, Ísleifur Jónasson, Valtýr Valtýsson og Jón G. Valgeirsson.

**Fundargerð ritaði:** Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri.

Á vorfund Odda mæta einnig:
Sigrún Björk Benedikstdóttir embættismaður
Ingigerður Stefánsdóttir embættismaður
Kristinn Ingi Guðnason embættismaður
Ragna Magnúsdóttir embættismaður
Hrafnhildur Andrésdóttir áheyrnarfulltrúi
Sólrún Helga Guðmundsdóttir áheyrnarfulltrúi
Fríða Björg Þorbjörnsdóttir áheyrnarfulltrúi
Kristín Ósk Ómarsdóttir áheyrnarfulltrúi
Bæring J. Guðmundsson áheyrnarfulltrúi
Jóhanna Hlöðversdóttir áheyrnarfulltrúi
Sigríður Theodóra Kristinsdóttir áheyrnafulltrúi
Bjarki Eiríksson áheyrnarfulltrúi

**Dagskrá:**

1. **Þróun grunnskólastarfs. Úttekt - 2311033**

   Á fundinn mæta í fjarfundi Ingvar Sigurgeirsson og Lilja M. Jónsdóttir ráðgjafar hjá Skólastofunni slf og gera grein fyrir skýrslu um úttekt og þróun á grunnskólastarfi í sveitarfélaginu.

   Stjórn þakkar fyrir greinargóða yfirferð um skýrsluna.

2. **Skólaþjónustan - 2404154**

   Á fundinn mæta Halldóra G. Helgadóttir og Svava Davíðsdóttir frá Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla og V-Skaftafellssýslu og gera grein fyrir þjónustu skólaþjónustunnar við skóla Odda bs.

   Stjórn þakkar Halldóru og Svövu fyrir upplýsingarnar.

3. **Ársskýrslur skólanna 2023-2024 - 2405047**

   Skóla- og aðstoðarskólastjórar kynntu ársskýrslu hvers skóla fyrir sig.

Lagt til að vorfundur Odda bs staðfesti skýrslur skólastjóranna.

Vorfundur Odda bs vill færa skólastjórnendum og starfsfólki þakkir fyrir góð störf á skólaárinu.

Samþykkt samhljóða.

4. **Skóladagtöl 2024-2025 - 2404115**

Lögð fram til staðfestingar skóladagatöl allra skólanna. Lagt hefur verið upp með að samræma starfsdaga innan skólahverfa eins og mögulegt er í samræmi við ákvæði í skólastefnu Odda bs.

Lagt er til að hafa leikskóla lokaða á Þorláksmessu og milli jóla og nýars skólaárið 2024-2025 en bjóða áfram upp á vistun/neyðarvistun með sömu skilyrðum og höfð voru um síðustu jól til m.a. að bregðast við styttingu vinnutíma/orlofstöku starfsmanna, en þessir dagar hafa verið lítið nýttir af foreldrum. Leikskólagjöld yrðu á móti felld niður vegna þessa daga.

Lagt er til að vorfundur Odda bs staðfesti skóladagatölin fyrir skólaárið 2024-2025.

Tillögurnar samþykktar samhljóða.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:15.**

Margrét Harpa Guðsteinsdóttir

Eggert Valur Guðmundsson

Eydís Þ. Indriðadóttir

Ísleifur Jónasson